

Fylgiskjal með skýrslu um aðgerðir til eflingar leikskólakennaramenntunar.

Lagt fram af fulltrúa Eflingar stéttarfélags í vinnuhópnum sem stendur að skýrslunni.

Í drögum að frumvarpi um Lánasjóð íslenskra námsmanna er gert ráð fyrir að eingöngu hluti lánþega (þ.e. háskólanemar í grunnháskólanámi og framhaldsnámi) eigi möguleika á að hluta höfuðstóls námslána sé breytt í styrk ef tiltekin skilyrði um námsframvindu eru uppfyllt.

Um leið og undirritaður styður eindregið að opnað sé á þann möguleika að veittur sé námsstyrkur a.m.k. sem hluti af framfærslulánum, eru gerðar alvarlegar athugasemdir við, með hvaða hætti þessi heimild er takmörkuð og útfærð. Í því endurspeglast hugmynd um menntun og nám sem er fjarri því sem eðlilegt getur talist og samstaða er um í orði kveðnu a.m.k. sbr. stefnumörkun stjórnvalda varðandi verk- og tæknimenntun.

Undirritaður leggur áherslu á að allt nám sem á annað borð telst lánshæft uppfylli jafnframt skilyrði um að hluta lánsins sé breytt í styrk, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Ekki liggur fyrir útfærsla á slíkri nálgun. Þannig kann að vera að rétt sé að gera greinarmun á almennu hefðbundnu námi á framhalds- og háskólastigi (þ.m.t. fagháskólastigi) og námi þeirra einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn og vilja sækja sér frekari menntun.

Almennt virðist þó skynsamlegt að tengja styrkveitingar framgangi í námi, þannig að það skapi hvata hvað varðar ástundun.

Virðingarfyllt,

Atli Lýðsson fræðslustjóri Eflingar stéttarfélags.